



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 18. maí 2018

Ákvörðun nr. 16/2018

Kaup Pennans ehf. á H-Fasteignum ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi, dags. 11. apríl 2018, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Pennans ehf. (hér eftir Penninn) á öllum rekstri H-Fasteigna ehf. (hér eftir H-Fasteignir). Meðfylgjandi erindinu var samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum með síðari breytingum, þ.e. svokölluð styttri samrunatilkynning. Eftirlitið mat þá skrá fullnægjandi og í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur eftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Frestur Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga byrjaði því að líða frá og með 12. apríl 2018.

Samrunaskránni fylgdi ennfremur bréf þar sem samrunaaðilar óskuðu eftir undanþágu frá banni við framkvæmd samruna samkvæmt sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Með bréfi, dags. 24. apríl 2018, féllst Samkeppniseftirlitið á að veita samrunaaðilum umbeðna undanþágu. Samkeppniseftirlitið setti það sem skilyrði fyrir undanþágunni að samrunaaðilar skyldu tryggja að möguleikar Samkeppniseftirlitsins til íhlutunar yrðu áfram til staðar á meðan málið væri til umfjöllunar, ásamt því að samkeppni yrði ekki raskað með öðrum hætti.

Mál þetta hefur sætt rannsókn Samkeppniseftirlitsins. Sem liður í þeirri rannsókn hefur Samkeppniseftirlitið m.a. átt samtöl við keppinauta á markaðnum og aflað sjónarmiða þeirra. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur þær upplýsingar sem eftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið í ákvörðun þessari.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar, þ.m.t. þegar tiltekið fyrirtæki nær yferráðum að hluta yfir öðru fyrirtæki með því að kaupa eignir þess, sbr. c-lið 1. mgr. ákvæðisins. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Pennans á rekstri H-Fasteigna felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Samruninn felur í sér að Penninn kaupir allan rekstur H-Fasteigna sem áður var rekinn af Hórasí ehf. (hér eftir Hóras). Nánar tiltekið er um að ræða þann rekstur sem starfræktur



er í verslunum sem reknar eru undir vörumerkinu The Viking. Kaupir Penninn allar birgðir sem tilheyra þeim rekstri og tekur yfir samninga og viðskiptasambönd sem tilheyra rekstrinum. Reksturinn verður þannig hluti af rekstri Pennans. Með í kaupunum eru allar innréttingar verslana, samningar, viðskiptasambönd, hugverkaréttindi o.s.frv.

Í samrunaskrá segir að Penninn reki 16 verslanir um land allt undir nafninu Penninn Eymundsson. Þá reki Penninn húsgagnaverslun í Skeifunni 10 og Fyrirtækjapjónustu Pennans. Jafnframt reki Penninn tvær ferðamannaverslanir undir merkjum Islandia í Bankastræti 2 og Kringlunni, en reksturinn fari fram á kennitölu Pennans og sé því ekki í sérstöku félagi. Samkvæmt heimasíðu Pennans felst starfsemi félagsins í sölu á bókum og tímaritum, húsgögnum, gjafavörum, föndurvörum, leikföngum, ritföngum, ásamt því að bjóða upp á heildarlausnir fyrir rekstur.¹

Í samrunaskrá segir að H-Fasteignir sé í grunninn fasteignafélag, en reki í dag fjórar verslanir með minjagripum og handverk ætlað erlendum ferðamönnum. Rekstur H-Fasteigna byggir nær alfarið á tekjum vegna sölu til ferðamanna. H-Fasteignir hafi tekið við rekstri verslana sem reknar séu undir merkjum The Viking í byrjun árs 2018, eftir að starfsstöðvum verslananna hafi verið lokað af embætti Tollstjóra vegna vanskila þáverandi rekstraraðila þeirra, Hórasar, á opinberum gjöldum.

Í samrunaskrá kemur fram að breytingar hafi orðið á rekstrarumhverfi Hórasar vegna styrkingar íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum sem leiði til þess að minni tekjur séu frá hverjum ferðamanni. Þessar aðstæður hafi bitnað mjög hart á rekstraraðilum sem reiði sig alfarið á tekjur frá erlendum ferðamönnum. Velta af sölu til ferðamanna hafi minnkað verulega á árinu 2017, væntanlega vegna minnkandi kaupmáttar þeirra í íslenskum krónum. Jafnframt hafi orðið miklar kostnaðarhækkanir í verslunarrekstri vegna mikilla launahækkana og hækkandi húsaleigu.

Þá segir í samrunaskrá að rekstur Hórasar hafi gengið illa síðastliðin þrjú ár og hafi félagið verið rekið með miklu tapi síðastliðin ár. Samanlagt tap félagsins árin 2014, 2015 og 2016 hafi numið [28.894.211]² kr. Sömuleiðis sé tap af rekstri H-Fasteigna, en árið 2016 hafi félagið tapað [3.796.630]³ kr.

Forsvarsmönnum Hórasar og H-Fasteigna hafi verið ljóst um nokkra hríð, að yrði ekkert að gert gæti reksturinn farið í þrot. Möguleikar Hórasar og H-Fasteigna til hagræðingar séu mjög takmarkaðir og hafi allir möguleikar verið skoðaðir til að lágmarka kostnað en auka um leið tekjur félaganna, án árangurs. Í dag starfræki félagið H-Fasteignir verslanir á fjórum stöðum. Þrjár verslanir séu reknar í miðbæ Reykjavíkur. Penninn reki sömuleiðis eina ferðamannaverslun í miðbæ Reykjavíkur auk þriggja ritfanga- og bókaverslana. Báðir aðilar séu með rekstur á Akureyri. Möguleikar á hagræðingu í rekstri þessara tveggja aðila séu því töluverðir og telji samrunaaðilar ljóst að hagræðingar sé þörf. Hvorugur aðillinn teljist stór á þeim markaði sem við eigi, en fyrir á markaðnum séu stórir aðilar. Blikur séu á lofti í ferðapjónustu og nauðsynlegt sé að bregðast við fyrir en síðar.

¹ Sjá www.penninn.is.

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.



Í samrunaskrá segir að markmið kaupanna sé að bregðast við rekstrarerfiðleikum þekktis vörumerkis innan ferðaþjónustugeirans og mynda sterkari rekstur utan um vörumerkið The Viking, sem muni stunda öfluga samkeppni við þá stóru aðila sem fyrir séu á markaðnum í síharðnandi samkeppni um sölu til erlendra ferðamanna. Einn megintilgangur með kaupum Pennans á verslunum The Viking sé að kaupa aðstöðu sem liggja vel við straumi ferðamanna um Reykjavík og Akureyri.

1. Markaður málsins og staða fyrirtækja á honum

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði út frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Samrunaaðilar meta það svo að samruninn taki einkum til markaðar fyrir sölu á minjagripum og íslenskri hönnunarvöru til erlendra ferðamanna. Þá starfsemi sé hægt að flokka upp í einstakar vörutegundir, án þess að víkka markaðsskilgreininguna um of. Þannig sé t.d. hægt að skipta markaðnum upp í sölu á minjagripum, sölu á hönnunarvöru, sölu á fatnaði og loks sölu á sælgæti. Framangreindar vörur hafi verið hannaðar og útbúnar með það í huga að markaðssetja og selja til erlendra ferðamanna. Taki markaðsskilgreiningin þannig mið af staðgönguvöru vegna verðs og áformaðrar notkunar. Sala á þessum sama varningi fari þó fram í fleiri búðum en þeim sem sérstaklega séu reknar sem slíkar. Þegar á heildina sé litið sé sá markaður þar sem áhrifa muni gæta vegna samrunans, sala á minjagripum og íslenskri hönnunarvöru, sem sérstaklega sé ætluð erlendum ferðamönnum og hinn landfræðilegi markaður sé Ísland.

Í samrunaskrá er að finna umfjöllun um áætlaða heildarstærð hins skilgreinda markaðar og áætlaða hlutdeild samrunaaðila á þeim markaði. Samrunaaðilar miða við upplýsingar í ársreikningum þeirra félaga sem að mati samrunaaðila séu starfandi á viðkomandi markaði. Sé þá eingöngu litið til þeirrar veltu sem samrunaaðilar ætla að sé hluti af hinum skilgreinda markaði, en ekki til annarrar óskyldrar veltu. Að mati samrunaaðila hafi velta á hinum skilgreinda markaði árið 2015 numið um [15.000]⁴ milljónum króna og um [17.500]⁵ milljónum króna árið 2016. Erfitt sé að áætla veltu fyrir árið 2017 þar sem ársreikningar fyrirtækja fyrir það rekstrarár hafi margir hverjir ekki enn verið birtir, en líklega sé hún minni en árið 2016. Tveir aðilar beri höfuð og herðar yfir aðra á markaðnum. Í fyrsta lagi Sjóklæðagerðin hf., en ætla megi að velta fyrirtækisins á hinum skilgreinda markaði hafi numið um 3.500 milljónum króna árin 2015 og 2016. Þá komi fyrirtækið Drífa ehf., sem reki verslanir Icewear. Velta þess árið 2016 á markaðnum hafi numið um 2.500 milljónum króna. Næst beri að nefna Rammagerðina, í gegnum félögin Rammagerðin ehf. annars vegar og Miðnesheiði ehf. hins vegar. Samanlögð velta hafi numið tæpum 1.800 milljónum króna. Þá megi nefna Arctic Shopping ehf., sem reki verslun við Gullfoss, en velta félagsins hafi numið rúmum 1.300 milljónum króna árið 2016.

Í samrunaskrá kemur fram að heildarvelta Pennans rekstrarárið 2015-2016 hafi numið tæpum [5.700]⁶ milljónum króna, að öllu meðtöldu. Velta fyrirtækisins með vörur á hinum

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.

⁶ Fellt út vegna trúnaðar.



skilgreinda markaði hafi árið 2016 numið um [10]⁷% af heildarveltu fyrirtækisins, eða um [570 milljónum króna]⁸, sem hafi verið lítillega meira en árið á undan. Markaðshlutdeild félagsins samkvæmt framangreindu á hinum skilgreinda markaði hafi því numið um [3,3%]⁹ árið 2016.

Velta Hórsasar ehf. árið 2016 hafi numið tæplega [390]¹⁰ milljónum króna og hafi lækkað frá árinu á undan, en hafi þá verið um [455]¹¹ milljónir króna. Hlutdeild félagsins á hinum skilgreinda markaði hafi samkvæmt því numið um [2,2]¹²% árið 2016 en hafi verið [3,3]¹³% árið á undan.

Samanlögð velta samrunaaðila fyrir árið 2016 hafi samkvæmt framangreindu numið um [960 milljónum króna]¹⁴, sem samsvari um [5,5]¹⁵% af heildarveltu markaðarins, eins og samrunaaðilar telji rétt að skilgreina hann.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að fyrir niðurstöðu þessa máls beri að líta til þess að hér sé um að ræða samruna tiltölulega smárra fyrirtækja á þeim markaði sem samrunaaðilar líta á sem markað málsins. Þá er jafnframt ljóst að þrátt fyrir að Penninn selji minjagrip, líkt og The Viking, þá verði lítil samþjöppun í þeirri starfsemi við samrunann. Yrði niðurstaðan sú að skilgreina sölu á minjagripum til erlenda ferðamanna sem sérstakan markað yrði m.ö.o. óveruleg samþjöppun á viðkomandi markaði. Jafnframt kynnu rök að standa til þess að greina markaðinn nánar niður. Að svo stöddu telur Samkeppniseftirlitið ekki tilefni til þess að taka afstöðu til endanlegrar markaðsskilgreiningar á þeim markaði sem samrunaaðilar starfa á.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.

Að mati samrunaaðila hefur samruninn óveruleg áhrif á umræddan markað. Megi ætla að markaðshlutdeild samrunaaðila eftir samrunann á hinum skilgreinda markaði verði vel innan við 10%. Nokkrir stórir aðilar séu á markaðnum sem hafi mjög sterka stöðu. Samruninn muni ekki hafa nokkur teljandi áhrif á þá aðila né markaðinn almennt. Ljóst sé að samruninn muni styrkja rekstur verslana The Viking, sem hafi átt undir högg að sækja undanfarið með minnkandi veltu og erfiðleikum í rekstri að öðru leyti. Samruninn muni viðhalda virkri samkeppni en hætt sé við ef verslanir The Viking, sem séu vel staðsettar m.t.t. umferðar ferðamanna, myndu hætta rekstri myndu stórir aðilar á markaðnum taka húsnæðið yfir og styrkja stöðu sína enn frekar. Þeir aðilar muni þó ekki finna fyrir samrunanum. Samruninn muni heldur engin áhrif hafa á stöðu neytenda. Muni verslanir The Viking verða reknar áfram í sömu mynd og hafi verið. Ljóst sé að ekkert svigrúm sé

⁷ Fellt út vegna trúnaðar.

⁸ Fellt út vegna trúnaðar.

⁹ Fellt út vegna trúnaðar.

¹⁰ Fellt út vegna trúnaðar.

¹¹ Fellt út vegna trúnaðar.

¹² Fellt út vegna trúnaðar.

¹³ Fellt út vegna trúnaðar.

¹⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

¹⁵ Fellt út vegna trúnaðar.



fyrir verðhækkanir eða annað sem komið geti niður á hagsmunum neytenda, enda sé það ekki markmiðið með samrunanum.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar um markað málsins er ljóst að mati Samkeppniseftirlitsins að staða samrunaaðilar á skilgreindum markaði sé ekki það sterk að hætta sé á því að samruninn geti talist samkeppnishamlandi. Að virtum gögnum málsins er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki leiða til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist og að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

IV. Ákvörðunarorð

„Kaup Pennans ehf. á H-Fasteignum ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson